

## **Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Varalið–**

### **Tillaga til stjórnar KSÍ um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót Varalið í mfl. karla og kvenna**

Að hvert félag hafi rétt til þess að senda tvö lið í deildakeppni Íslandsmótsins. Varaliðið hefur keppni í neðstu deild og getur aðeins leikið í 2. og 3. deild, alltaf þó minnst einni deild neðar en aðallið sama félags.

Hlutgengir með varaliði eru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í næsta leik aðalliðs á undan í Íslandsmóti, bikarkeppni KSÍ eða Evrópukeppni.

Að hvert félag í efstu deild kvenna hafi rétt til að senda varalið sitt til keppni í 1. deild. Það getur ekki unnið sig upp um deild og ef það endar í fyrsta eða öðru sæti síns riðils, fara tvö efstu liðin sem ekki eru varalið í úrslitakeppnina.

Hlutgengir með B-liði eru allir þeir leikmenn viðkomandi félags sem ekki tóku þátt í næsta leik A-liðs á undan í Íslandsmóti, bikarkeppni KSÍ eða Evrópukeppni.

### **Greinargerð:**

Öll vitum við að þátttaka í íþróttum er ein besta forvörn fyrir ungt fólk. Í knattspyrnunni er því þannig háttað að brottfall er mikið í 2. og 3. flokki. Ein af ástæðunum er að leikmenn hætta eða fara annað því þeir sjá að þeir hafa ekki tækifæri á að komast í liðið í meistaraflokki. Ef við ætlum að láta taka okkur alvarlega sem forvarnasamtök þá verðum við að gera allt sem við getum til þess að halda iðkendum sem lengst innan okkar raða. Þátttaka varaliðs í deildakeppninni stuðlar að því að fleiri leikmenn eiga þess kost að halda áfram keppni undir merkjum síns félags eftir að þeir ganga upp úr 2. flokki. Ennfremur fá þeir sem ekki spila reglulega með aðalliði viðkomandi félags aukin tækifæri til að halda sér í leikæfingu og taka framförum í keppni við hæfi.

Með þessu fyrirkomulagi er jafnframt opnað fyrir það að ungir leikmenn fái fleiri tækifæri en ella til að öðlast keppnisreynslu í meistaraflokki hjá sínu félagi.

Við leggjum áherslu á að opnað sé fyrir þennan möguleika og það sé sett í hendur félaganna að ákveða hvort þau vilji nýta sér þennan valkost til að koma sér upp varaliði sem taki þátt í metnaðarfullri keppni.

**UMSK**